

B 340/UVN

Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

Nefndarálit norrænu velferðarnefndarinnar um

Samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar í félags- og heilbrigðismálum 2022–2024**Tillaga**

Norræna velferðarnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um:

- að hún hrindi í framkvæmd samstarfsáætlun í félags- og heilbrigðismálum 2022–2024 eins og lýst er í drögum að ráðherranefndartillögu og að teknu tilliti til sjónarmiða nefndarinnar.

Bakgrunnur

Samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar í félags- og heilbrigðismálum (MR-S) 2022–2024 á að stuðla að aukinni þróun þekkingar og miðlun reynslu af sameiginlegum úrlausnarefnum Norðurlandanna á sviði heilbrigðis- og velferðarmála. Tilgangurinn er fyrst og fremst að móta aðgerðir og lausnir sem stuðla að betri stefnumótun og treysta sjálfbærni norrænu velferðarsamfélaganna í sessi, í einstökum sveitarfélögum og héruðum, á landsvísu og um Norðurlöndin öll, við aðstæður þar sem þjargir eru takmarkaðar. Ein grunnforsenda samstarfsins er að það skapi notagildi á Norðurlöndum.

Í starfi sviðsins er tekið mið af tveimur gagngerum úttektum frá síðustu árum. Á sviði félagsmála á samstarfið að tryggja öllum íbúum Norðurlanda sjálfbæra og örugga velferðarþjónustu. Eigi þetta markmið að nást er mikilvægt að hrinda í framkvæmd hinum fjórtán tillögum sem er að finna í úttekt Árna Páls Árnasonar á samstarfssviði félagsmála, „*Þekking sem nýtist: Tillögur um auknið norrænt samstarf á sviði félagsmála*“ (2018).

Samhliða því er áfram unnið að bættu norrænu samstarfi í heilbrigðismálum á grundvelli stefnumarkandi úttektar sem Bo Könberg vann, „*Framtíðarsamstarf Norðurlanda í heilbrigðismálum*“ (2014). Stefnt er að því að meta árangur aðgerðanna til að tryggja að reynslan nýtist þegar teknar verða ákvarðanir á sviði heilbrigðismála í framtíðinni og til lausnar á aðkallandi áskorunum. Styrkja þarf norrænt samstarf í heilbrigðismálum í því skyni að viðhalda og þróa enn frekar heilðrænt heilbrigðiskerfi sem allir hafa aðgang að endurgjaldslaust og til að draga úr heilsuójöfnuði meðal íbúa Norðurlanda.



Sjónarmið nefndarinnar

Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar heimsótti nefndina og kynnti tillögu að samstarfsáætlun ráðherranefndarinnar í félags- og heilbrigðismálum (MR-S) 2022–2024.

Í umræðum í kjölfarið spurði nefndin hvort fella hefði þurft niður einhver svið í samstarfsáætluninni vegna aukinnar áherslu á faraldurinn. Svarið var að svo sé ekki. Hins vegar inniheldur samstarfsáætlunin mat á árangrinum af framkvæmd Könberg-skýrslunnar með endurforgangsröðun áherslusviða fyrir augum. Markvissar aðgerðir á sviðinu eru bundnar við Framtíðarsýn okkar 2030 sem einnig skapar ákveðinn farveg.

Nefndin lagði áherslu á að vinnan gegn sýklalyfjaónæmi hefði forgang í bæði Norðurlandaráði og Norrænu ráðherranefndinni, ekki aðeins með tilliti til þess hvernig staðan er í dag heldur einnig með hliðsjón af framtíðarþróuninni.

Nefndin benti á lærdóm sem draga má af faraldrinum um sambandið á milli líkamlegrar og andlegrar heilsu. Norræna ráðherranefndin hefur átt frumkvæði að tveimur verkefnum þar að lútandi undir forystu Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar. Annað þeirra fjallar um afleiðingar af lokunum skóla og frístundastarfsemi fyrir börn og ungmenni og hitt um einsemd og einangrun með hliðsjón af COVID-19 með áherslu á eldri borgara.

Nefndin bíður enn pólitísku samráðs í máli 16/2019/válfärd D 2019 sem fyrirhugað var að ljúka haustið 2021. Málið er nú komið til formennsku Norðmanna í Norrænu ráðherranefndinni 2022.

Norðurlöndum, 7. febrúar 2022

Abbas Razvi (RV)
Angelika Bengtsson (SD)
Atte Kaleva (saml)
Cassandra Sundin (SD)
Eva Lindh (S)
Guðmundur Ingi Kristinsson (Flf)
Jenni Pitko (grænum)
Kathy Lie (SV)

Kjerstin Wøyen Funderud (Sp)
Maria Stenberg (S)
Per-Arne Håkansson (S)
Tobias Drevland Lund (R)
Tone Wilhelmsen Trøen (H)
Truls Vasvik (A)
Wille Valve (MSÅ)